

Reglugerð

fyrir Vinnudeilusjóð Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, skammstafað FVSA

1.gr. Nafn sjóðsins og heimili

1.1 Sjóðurinn heitir Vinnudeilusjóður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.

1.2 Vinnudeilusjóður FVSA er eign FVSA. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

2. gr. Tilgangur sjóðsins

2.1 Tilgangur sjóðsins er að veita félagsmönnum FVSA sem missa atvinnutekjur vegna vinnustöðvunar eða verkþanna fjárhagsaðstoð, eftir því sem hagur sjóðsins leyfir hverju sinni.

3. gr. Tekjur sjóðsins

3.1 Framlag úr félagssjóði FVSA ákveðið á aðalfundi félagsins hverju sinni.

3.2 Vaxtatekjur.

3.3 Gjafir, framlög og styrkir.

4. gr. Stjórn og rekstur

4.1 Stjórn FVSA er jafnframt stjórn sjóðsins og ber ábyrgð á úthlutunum og öðrum fjárreiðum sjóðsins.

4.2 Stjórn FVSA er heimilt að fela þremur mönnum framkvæmdastjórn sem fer með daglega afgreiðslu sjóðsins. Í þeirri stjórn skulu eiga sæti aðilar skipaðir úr hópi aðalmanna og varamanna stjórnar FVSA.

4.3 Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við almennar stjórnarsýslureglur.

4.4 Fjárreiður og umsjón með sjóðnum annast skrifstofa FVSA.

4.5 Vinnudeilusjóður FVSA greiðir allan kostnað sem af rekstri hans leiðir.

4.6 Framkvæmdastjórn sjóðsins setur nánari starfsreglur um greiðslur og aðra starfstilhögun sjóðsins, þ.á m. hvenær í vinnudeilu skuli hefja úthlutun úr sjóðnum, upphæð styrkja og greiðslutímabil. Starfsreglur sjóðsins skulu taka mið af stærð og eðli viðkomandi vinnudeilu og einnig skal taka mið af stöðu sjóðsins hverju sinni.

4.7 Framkvæmdastjórn sjóðsins skal leggja tillögur að starfsreglum sjóðsins fyrir stjórn FVSA. Stjórn FVSA þarf að samþykkja starfsreglurnar til þess að þær öðlist gildi.

4.8 Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók um fundi sína, styrkbeiðnir og styrkveitingar.

5. gr. Greiðslur úr sjóðnum

5.1 Félagsmaður FVSA, sem er félagsmaður áður en viðkomandi vinnudeila hefst og er skuldlaus við félagið, á rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum vegna vinnustöðvunar eða verkbanna.

5.2 Félagsmenn sem halda launum í vinnudeilu eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð úr sjóðnum.

5.3 Félagsmenn sem hefja störf annars staðar meðan á vinnustöðvun stendur missa rétt til greiðslu úr sjóðnum.

5.4 Heimilt er að víkja frá reglu 5.1 vegna sérstakra aðstæðna sem upp geta komið og þarf stjórn FVSA að samþykkja allar undanþágur.

6. gr. Ávöxtun sjóðsins

6.1 Vinnudeilusjóð skal ávaxta skv. 23. gr. laga FVSA.

7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

7.1 Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum FVSA og skal hann endurskoðaður með sama hætti og aðrir sjóðir FVSA.

7.2 Ársreikning sjóðsins skal leggja fram áritaðan af félagslegum skoðunarmönnum félagsins og löggiltum endurskoðanda fyrir aðalfund félagsins. Reikningsár sjóðsins er það sama og félagsins.

8. gr. Sjóðurinn lagður niður

8.1 Hætti sjóðurinn störfum eða ákvörðun er tekin um að honum verði slitið færast eignir hans í félagssjóð FVSA.

9. gr. Breytingar á reglum sjóðsins

9.1 Reglum þessum má aðeins breyta á aðalfundi FVSA og fer með slíkar breytingar eins og um breytingar á lögum FVSA væri að ræða sbr. 24. gr. laga FVSA.

Þannig samþykkt á aðalfundi FVSA þann 22.02.2016.